

Alþingi
Erindi nr. P 127/41
komudagur 7. 11. 2001

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
bt. Vilhjálms Egilssonar,
Austurvelli,

150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2001

Efni: Frumvarp til breytinga á skattalögum – erlendar fjárfestingar

Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp til breytinga á skattalögum, þar sem m.a. eru lagðar til lagabreytingar til að bæta rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja og laða til landsins fjárfestingar erlendra fyrirtækja. Um leið og við fögnum þessu stefnumiði ríkisstjórnarinnar viljum við koma að eftirfarandi athugasemdum til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í því augnmiði að benda á leiðir til að ná betur fram þeim markmiðum að laða hingað til landsins fjárfestingar erlendra stórfyrirtækja.

Íslensk ráðgjafafyrirtæki hafa orðið vör við umtalsverðan áhuga bandarískra og kanadískra stórfyrirtækja á að stofna eignarhaldsfélög á Íslandi fyrir fjárfestingar sínar í Evrópu, Japan og víðar. Forsendur fyrir þessum áhuga eru m.a. stöðugt stjórnarfar, aðild Íslands að EES án þess að vera í ESB, jákvæð þróun í innlendri viðskiptalöggjöf, og nógildandi reglur félaga- og skattaréttar um samlagshlutafélög (slhf.). Samkvæmt nógildandi reglum eru samlagshlutafélög skattskyld eins og venjuleg hlutafélög og hafa þannig aðgang að tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert, auk þess að geta nýtt sér frádráttarheimild 8. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt, varðandi arðstekjur frá erlendum dótturfélögum. Þar sem slhf. samanstendur annars vegar af einum eða fleiri hluthöfum og hins vegar einum eða fleirum félagsaðilum með ótakmarkaða ábyrgð, þá eru nógildandi reglur með þeim hætti að 20% afdráttarskattur (gæti lækkað skv. tvísköttunarsamningi) leggst á arðgreiðslur til erlends hluthafa, en greiðslur til erlends félagsaðila með ótakmarkaða ábyrgð ættu ekki að sæta frekari skattlagningu (líkt og á við um úttekt eigenda skattskyldra sameignarfélaga). Ljóst er að umrædd eignarhaldsfélög (í formi samlagshlutafélaga) geta hvert um sig skilað Íslandi árlega tugum milljónum króna í beinar skatttekjur, auk óbeinna skatttekna af tekjum banka og fjármálastofnana, endurskoðenda, lögmannna og annarra þjónustuaðila. Þá mun starfsemi þessi tvímælalaust leiða af sér frekari fjárfestingar á Íslandi þegar þessi félög og ráðgjafar þeirra hafa kynnst betur því lagaumhverfi og stjórnarfari sem hér ríkir.


Í a-lið 3. gr. frumvarpsins (breyting á 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt (tskl.)) er boðuð sú breyting að úttekt hlutareigenda, með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð, í einkahlutafélögum eða samlagshlutafélögum verði talinn skattskyldur arður. Með þessu ákvæði er ætlunin að gera skattskylda úttekt félagsaðila með ótakmarkaða ábyrgð í samlagshlutafélagi, þannig að sömu reglur gildi hagnaðarhlutdeild þessara aðila og hluthafa í venjulegum félögum. Þar sem ekki er jafnframt boðuð breyting á 3. gr. tskl. (ákvarðar skattskyldu erlendra aðila hér á landi), þá virðist ekki vera ætlunin að breyta reglum um skattlagningu erlendra félagsaðila samlagshlutafélagana, enda myndi það þýða breytingu sem kæmi í veg

fyrir að erlendir aðilar hefðu hag af því að stofna hér eignarhaldsfélög og samræmist það vart markmiðum ríkisstjórnarinnar.


Þar sem ekki er boðuð sambærileg breyting á 7. tl. 3. gr. og lagt er til varðandi 9. gr. þ.e. að skilgreina úttekt félagsaðila úr samlagshlutafélagi sem tekjur, þá verður að telja að óvissa skapist um hvort úttektir erlendra aðila yrðu taldar skattskyldar tekjur skv. 7. tölul. 3. gr. tskl. Til að taka af allan vafa í þessum efnum þá teljum við nauðsynlegt að bæta því inn í 7. tölul. 3. gr. að til tekna teljist ekki skv. töluliðnum úttekt erlendra félagsaðila með ótakmarkaða ábyrgð. Eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjölum þá væri eingöngu verið að staðfesta núgildandi lagaframkvæmd að þessu leyti.


Með þessu móti má þannig ná fram þeim markmiðum frumvarpsins að koma í veg fyrir mismunandi skattareglur félagaforma innan lands en jafnframt að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í að laða til landsins erlend stórfyrirtæki.


Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi fylgiskjala.


Árni Harðarson, hdl.,
Deloitte & Touche

Virðingarfyllst,


Bernhard Bogason, hdl.
KPMG


Friðgeir Sigurðsson, hdl.,
PricewaterhouseCoopers


Bjarnfréður Ólafsson, hdl.
Taxis – Ernst & Young Law Alliance

Meðfylgjandi:

- 1) Fylgiskjal 1. nánari úttekt
- 2) Úr bindandi álití fjármálaráðuneytis, dags. 31. október 2001
- 3) Úr álití ríkisskattstjóra varðandi skattskyldu erlends aðila sem ber ótakmarkaða ábyrgð á skattskyldu sameignarfélagi
- 4) Dæmi um beinar skatttekjur fjármögnunarfélaga og eignarhaldsfélaga

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis Fylgiskjal 1

Við skoðun á 3. gr. fyrirbyggjandi frumvarps um breytingu á skattalögum, þar sem lögð er til breyting á ákvæði 9. gr. laga nr. 75/1981, kemur eftirfarandi í ljós:

Ef breytingin yrði samþykkt myndi 1. másl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981 hljóða þannig:

„Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð (frv. breyt. auðk. hér) eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu.“

Samkvæmt því sem segir í greinargerð með frumvarpinu þá á ofangreind breyting að taka af öll tvímæli um skattalega meðferð á afhendingu verðmæta til eigenda hlutafélaga, samlagshlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila. Þetta er verulegt frávik frá framkvæmd á þessu sviði en samkvæmt henni hefur verið gerður greinarmunur, á arðgreiðslum til hluthafa annars vegar hins vegar úttektum eigenda með ótakmarkaða ábyrgð úr félögum en slíkar úttektir hafa í framkvæmd verið taldar inn- og útgreiðslur af höfuðstóli en ekki tekjur. Til upplýsingar skal tekið fram að tilraun var gerð til slíkrar skattlagningar með lögum nr. 30/1971, þar sem úthlutun verðmæta til eigenda sameignarfélags var gerð skattskyld. Það ákvæði kom þó aldrei til framkvæmda og var fellt út úr lögum.

Þó nefna megi að orðalag breytingarinnar gæti verið heppilegra til að ná fram markmiðum frumvarpshöfunda er ljóst hver tilgangur með breytingunni er, þ.e. að koma í veg fyrir að sumir eigendur samlagshlutafélaga verði skattlagðir með hagstæðari hætti en hluthafar í einkahluta- og hlutafélögum.


Þá verður að telja að ákveðin óvissa sé uppi varðandi erlenda aðila í þessu sambandi. Frumvarpið gerir einungis ráð fyrir breytingum hvað varðar innlenda aðila en ekki hefur verið lögð fram sambærileg breytingartillaga er varðar takmarkaða skattskyldu. Ákvæði 3. gr. laga nr. 75/1981 fjallar um takmarkaða skattskyldu, þ.e. skattskyldu þeirra sem ekki eru heimilisfastir hér á landi en hafa héðan vissar tekjur eða eiga eignir. Hingað til hefur verið talið að upptalning í 3. gr. sé tæmandi og því verði gagnályktað frá henni þannig að aðrar tekjur eða eignir en þar eru upptaldar teljist ekki skattskyldar ef um er að ræða aðila sem ekki er með heimilisfesti á Íslandi.

Ákvæði 7. tölul. 3. gr. fjallar um skattskyldu fjármagnstekna þessara aðila. Álitamál getur verið hvort úttekt eigenda félaga sem skattlögð hafa verið samkvæmt almennum reglum hér á landi verði skattskyld skv. 3. gr. en um framkvæmdina að þessu leyti vísast sérstaklega til meðfylgjandi bréfs Ríkisskattstjóra. Jafnframt má benda á bindandi álit útgefið af Fjármálaráðuneyti dags 31. október 2001.


Með vísan til þess sem að ofan er rakið þá álitum við sem svo að umrædd breyting hrófli ekki við skattlagningu aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. tskl., enda virðist af frumvarpinu að ekki hafi verið stefnt að því. Hins vegar er ljóst að hér getur skapast réttaróvissa ef skattyfirvöld telja að túlka beri ákvæði 3. gr., í ljósi breytinga á 9. gr., að úttekt erlendra félagsaðila úr skattskyldum félögum skuli nú teljast til skattskyldra tekna skv. 7. tölul. 3. gr. tskl. Nauðsynlegt er því að koma í veg fyrir þessa réttaróvissu. Þess vegna, og ekki síður til að ná fram þeim markmiðum frumvarpsins að laða til landsins erlendar fjárfestingar en jafnframt að skattleggja innlenda rekstraraðila hlutafélaga og samlagshlutafélaga með sambærilegum hætti, þá leggja undirritaðir til að eftirfarandi málslið verði bætt við 7. tölul. 3. gr. tskl.:

“Til tekna skv. þessum tölulið telst þó ekki úttekt félagsaðila úr skattskyldum félögum sem þeir bera fulla og ótakmarkaða ábyrgð á”.

Virðingarfyllst,



Arni Harðarson, hdl.,
Deloitte & Touche



Friðgeir Sigurðsson, hdl.,
PricewaterhouseCoopers



Bernhard Bogason, hdl.
KPMG



Bjarnfreður Ólafsson, hdl.
Taxis – Ernst & Young Law Alliance

Fylgstalepæl 2

útibúsins í Sviss til höfuðstöðvanna á Íslandi verði ekki skattlagður sérstaklega hérlendis. Slíkur fiutningur fjármagns frá útibúi félagsins í Sviss ætti að óbreyttu að auka eigið fé höfuðstöðvanna hér á landi og þar með væntanlegan eignarskattsstofn, sbr. svar 4.

6. TISF sem lögaðili heimilisfastur á Íslandi telst vera íslenskt félag samkvæmt samningnum við Sviss og nýtur sem slíkt hagsbóta hans.

Svar:

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. tvísköttunarsamningsins við Sviss telst TISF vera heimilisfastur aðili á Íslandi og nýtur sem slíkur hagsbóta hans.

Tvísköttunarsamningur Íslands við Lúxemborg

Getur fjármálaráðuneytið staðfest að því er varðar túlkun tvísköttunarsamningsins við Lúxemborg, þegar hann hefur tekið gildi, að:

7. úthlutanir TISF til eigenda þess séu ekki skattskyldar þar sem tekjurnar hafa verið skattlagðar að fullu hjá félaginu og enn fremur skuli ekki haldið eftir af þeim endurgreiðanlegum afdráttarskatti sem einungis tekur til vaxta og arðs en ekki úthlutanar úr sameignarfélagi.

Svar:

Úthlutanir TISF til eigenda sinna af hagnaði sem þegar hefur verið skattlagður hjá félaginu verða ekki skattlagðar frekar við útgreiðslu.

8. TISA og TFSA muni ekki þurfa að greiða eignarskatt (1,45%) þar sem þau munu eiga rétt á undanþágu frá eignarskatti samkvæmt 4. mgr. 22. gr. tvísköttunarsamningsins við Lúxemborg.

Svar:

Samkvæmt 4. mgr. 22. gr. tvísköttunarsamnings milli Íslands og Lúxemborg eru eignir lúxemborgískra aðila í íslenskum félögum einungis skattskyldar í Lúxemborg og munu þeir því ekki greiða eignarskatt af stofnfjáreign sinni hér á landi þegar tvísköttunarsamningurinn við Lúxemborg hefur tekið gildi.

9. TISF sem lögaðili heimilisfastur á Íslandi er íslenskt félag í skilningi samningsins og nýtur sem slíkt hagsbóta hans. Með eigendur þess er farið sem eigendur félags en ekki sem sameigendur (tekjur og eignir skattlagðar hjá félaginu en ekki hjá félagsaðilum sjálfum). Eignarhald þeirra á TISF leiðir því ekki til þess að þeir teljist hafa fasta atvinnustöð á Íslandi.

Svar:

Samkvæmt d)-lið 3. gr. tvísköttunarsamnings Íslands við Lúxemborg er sameignarfélag á Íslandi sem hefur sjálfstæða skattskyldu íslenskt félag í skilningi samningsins. Samkvæmt 4. gr. samningsins er aðili heimilisfastur í samningsríki þegar hann er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, aðseturs stjórnar eða af öðrum svipuðum ástæðum. Samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt er félag sem er skráð á Íslandi skattskyldt á Íslandi og á það einnig við um sameignarfélag þegar það hefur sjálfstæða skattskyldu. Eignarhald TISA og TFSA á TISF leiðir ekki til þess að félögin teljist hafa fasta atvinnustöð á Íslandi.

Tvísköttunarsamningur Íslands við Bandaríkin

Getur fjármálaráðuneytið staðfest að því er varðar túlkun tvísköttunarsamningsins við

Fylgiskjal 3

yfir tiltekið tímabil, t.d. vikuna eða almanaxsmánuðinn, en látið svo mismun á því færslugengi og endanlegu kaup- eða sölugengi koma fram á gengismunareikningi. Það að félagið leggi til að því verði heimilað (í skattalegum tilgangi) að nota gengi dagsins áður, hvort sem það er viðmiðunargengi dagsins eða lokagengi hjá Seðlabanka Íslands virðist því ekki vera í samræmi við góða reikningsskilavenju eins og henni er lýst hér að framan. Ríkisskattstjóri kemur ekki auga á hvaða vandkvæði það eru hjá fyrirtæki að nota t.d. upphafsgengi Seðlabankans á viðskiptadegi þar sem það á að liggja fyrir við upphaf viðskipta dagsins.

Með hliðsjón af þessum athugasemdum tekur ríkisskattstjóri ekki afstöðu til þess, hvort aðferð fyrirspyrjanda geti fallist undir hugtakið góð reikningsskilavenja og þar með notað þá reglu í skattalegum tilgangi.

Í öðrum lið fyrirspurnarinnar kemur fram að sú beiðni um bindandi álit sem lögð hefur verið fram hjá fjármálaráðuneytinu byggji á tvísköttunarsamningi milli Íslands og Lúxemborgar sem ekki er kominn til framkvæmda. Spurt er hvort embætti ríkisskattstjóra muni beita tvísköttunarsamningnum milli Íslands og Lúxemborgar eins og hann hafi verið fullgiltur.

Álagning skatta skal byggja á lögum, sbr. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944. Skattyfirvöldum er þannig ekki heimilt að lækka eða fella niður réttilega ákvarðaðan skatt án stuðnings í lögum eða samkvæmt öðrum heimildum. Samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er ríkisstjórn Íslands heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti erlendra og íslenskra skattaðila, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum og eignum bæði á Íslandi og erlendis. Tvísköttunarsamningur sem ekki hefur verið fullgiltur, hefur ekki tekið gildi og skapar því ekki þau réttaráhrif sem samningsaðilar hafa stefnt að. Tvísköttunarsamningurinn milli Íslands og Lúxemborgar leggur því ekki skyldur á samningsaðila fyrr en hann hefur verið fullgiltur og er þannig ekki lögmæt heimild fyrir stjórnvöld til ívilunar eða niðurfellingar skatts.

Í þriðja og síðasta lið fyrirspurnarinnar er óskað eftir staðfestingu ríkisskattstjóra á því að TISF verði skattlagt sem lögaðili og að eigendur þess verði ekki skattskyldir af hagnaði sem þeim er úthlutað, þar með talið afdráttarskattur af úthlutunum.

Skattskyldir lögaðilar eru tilgreindir í 2. gr. laga nr. 75/1981 með áorðnum breytingum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. tilvitnaðrar 2. gr. teljast sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila til sjálfstæðra skattaðila, enda sé félagið skráð í firmaskrá hér á landi, þess óskað við skráningu að félagið sé sjálfstæður skattaðili og við skráningu afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttáð.


Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga.

Séu ofangreind formskilyrði uppfyllt telst viðkomandi sameignarfélag uppfylla skilyrði þess að mega teljast sjálfstæður skattaðili. Fari síðan saman form og efnisskilyrði sjálfstæðrar skattlagningar eru skattar lagðir á sameignarfélagið. Úttekt eigenda af höfuðstól félagsins hefur að íslenskum skattarétti ekki verið talin hafa skattskyldu í för með sér og ræðst sú niðurstaða af formi sameignarfélaga. Aðrar tilfærslur fjármagns milli eigenda og félagsins hlýta hefðbundnum lögmálum og ráðast skattalegar afleiðingar af eðli og forsendu greiðslna s.s.

launa, þóknana, lána, osfrv.

Erindi þetta var, hvorki formlega, né efnislega lagt fyrir sem bindandi álit og verður því ekki svarað sem slíku, þannig verða engin slík réttaráhrif leidd af svari þessu gagnvart skattfyrvöldum af hendi þess aðila, sem hin almennu svör embættisins um gildandi rétt eru stíluð á.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún Jenny Jónsdóttir

Erlendar fjárfestingar fjármögnunar- eða eignarhaldsfélaga

1. Dæmi um beinar skatttekjur fjármögnunarfélags sf. með útibú í Sviss:

Eigið fé félagsins	\$4.000.000.000
Árleg ávöxtun (10%)	\$400.000.000
Hlutdeild Íslands í hagnaði (1%)	\$4.000.000
Skatttekjur (26% frá 1.1. 2002)	\$1.040.000

Miðað við gengið 100, þá eru áætlaðar skatttekjur: **104.000.000 kr.**

Það athugist að í þessu dæmi miðast áætlaðar skatttekjur við félag sem þegar hefur verið stofnað og fengið bindandi álit fjármálaráðuneytis

2. Dæmi um beinar skatttekjur eignarhaldsfélags í formi samlagshlutafélags (slhf.):

(Hér er um einfaldaðar upplýsingar að ræða, þar sem fjármögnun blandast í formi hlutafjár og lána)

Eigið fé félagsins	\$1.000.000.000
Þar af hlutafé (5%)	\$50.000.000
Hlutafé í dótturfélagi:	\$150.000.000
Árleg ávöxtun - arður (20%)	\$30.000.000
Þar af til hluthafa (5%)	\$1.500.000
Skatttekjur (15% afdráttarskattur)	\$225.000

Miðað við gengið 100, þá eru áætlaðar skatttekjur: **22.500.000 kr.**

Það athugist að í þessu dæmi eru skatttekjur miðað við tiltekið dæmi, enda ekki búið að stofna svona félag og bindandi álit liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir að einstaka félög muni vera með margfalt hærra fjárframlag, auk þess sem félögin muni nýtast bandarískum stórfyrirtækjum einstaklega vel og markaðurinn því stór.

Niðurstöður:

Í báðum tilvikum myndast miklar tekjur ríkissjóðs fyrir nánast enginn útgjöld af hálfu ríkissjóðs.

Ef vilji stendur til þá gætu hæglega verið hér fjöldi svona fyrirtækja. Ef til dæmis væru starfandi 50 fjármögnunarfélög og 100 eignarhaldsfélög (hóflega áætlað), þá gætu árstekjur ríkissjóðs af þessum félögum numið **7,450,000,000 ISK** (sf. x. 50 = 5,200,000,000,- + slhf. x100 = 2,250,000,000)

Auk þessa yrðu jafnvel enn mikilvægari óbeinu áhrifin fyrir ríkissjóð, ekki síst skattskyldar tekjur banka- og fjármálastofnana, auk virðisaukaskatts og tekjuskatts annarra þjónustuaðila. Íslensk löggjöf og viðskiptaumhverfi yrði rætt á stjórnarfundum stærstu fyrirtækja heims og því mun önnur starfsemi fylgja, líkt og gerst hefur í öðrum iöndum, s.s. Lúxembúrg, Írlandi og Sviss.